



JAFNRÆÐI • JÁKVÆÐNI
TRAUST • VIRÐING

Pistill sveitarstjóra

Þorsteinn Gunnarsson

Skútustaðahreppur

26. sept. 2018 – Pistill nr. 40



Spennandi uppbygging fram undan í Klappahrauni – Einstakt tækifæri

Óhætt er að segja að nú gefist fólki og fyrirtækjum í Mývatnssveit einstakt tækifæri til að fjárfesta í góðu en ódýru og hagkvæmu húsnæði í Klappahrauni í Reykjahlíð sem verktakinn Húsheild í Mývatnssveit hefur í hyggju að byggja ef næg þátttaka fæst. Gæti þetta verkefni verið fyrirmynd að sambærilegri uppbyggingu víðar um landið og því hvet ég þá sem eru í þeim hugleiðingum að skoða þetta vel því óvíst er hvenær svona tækifæri býðst á ný í Skútustaðahreppi. Þetta verkefni fór af stað í kjölfarið á því að sveitarfélagið vann húsnæðisáætlun síðasta vetur sem kynnt var á íbúafundi í vor. Húsheild sýndi þessu strax áhuga og hefur unnið að þessu verkefni að undanfögnu með sveitarfélaginu. Á fundi sveitarstjórnar í morgun var samþykkt að gatnagerðargjöldin í Klappahrauni verði 19.000 kr. pr. ferm. til ársloka 2018 gegn því skilyrði að byggt verði sem nemur 50% af leyfðu byggingarmagni á hverri lóð. Í boði eru 24 íbúðir.

Framleiðandi húsanna sem Húsheild flytur inn er Mjöbäcks í Svíþjóð sem hefur byggt hús í yfir 70 ár. Húsin eru vel einangruð og öll hönnun ásamt tækjum og búnaði gera það að verkum að orkukostnaður og rekstrarkostnaður er mun lægri en

tíðkast hefur. Húsin afhendast fullbúin með vönduðum innréttingum en hægt er að semja um að fá húsin afhent á mismunandi byggingastigi.

Afhendingartími er maí til ágúst 2019.

Um er að ræða fjórar stærðir af íbúðum;

- 106 m². Samtals 38.054.000 kr. með öllu.
- 93,5m². Samtals 33.566.500 kr. með öllu.
- 68 m². Samtals 25.092.000 kr. með öllu.
- 59,5m². Samtals 21.955.500 kr. með öllu.

Frestur til að panta húsnæði er til 5. október n.k.

Staðfestingargjald er 15% og greiðist við undirskrift. 60% greiðast þegar húsið er fokhelt og 25% greiðist við afhendingu. Á heimasíðu sveitarfélagsins má sjá nánari kynningu á húsunum.

Nánari upplýsingar veitir Ólafur Ragnarsson framkvæmdastjóri Húsheildar í síma 856 5040 eða á netfangið olafur@husheild.com



Heimsókn í Hrunamannahrepp

Sveitarstjóri fór ásamt Guðjóni Vésteinssyni skipulagsfulltrúa og fulltrúum frá verkfræðistofunni Eflu í heimsókn í Hrunamannahrepp vegna fráveitumála en heimamenn hafa verið þar

framarlega í flokki. Höfum við átt gott samstarf við þá og Landgræðsluna vegna uppgræðslu. Að þessu sinni fengum við að skoða nýjan hreinsibíl sem þeir festu kaup á ásamt nágrannasveitarfélögunum til að tæma rotþrær. Var þetta áhugaverð heimsókn og eitt þúslið til viðbótar í fráveitumálunum hér í Mývatnssveit.

Áframhaldandi vinna við stefnumótun í ferðapjónustu og breytingu aðalskipulags

Á fundi sveitarstjórnar í morgun var lagt fram minnisblað sveitarstjóra og oddvita og eftirfarandi bókað:

Á síðasta kjörtímabili var unnið að stefnumótun í ferðapjónustu í sveitarfélaginu. Samþykkt var í sveitarstjórn að gera viðauka við gildandi aðalskipulag þar sem innleiddur verður nýr kafli um stefnumörkun í ferðapjónustu „*með áherslu á að stýra því í hvaða farveg ferðapjónustan og uppbygging hennar fer, í sátt og samlyndi við íbúa, náttúruna og hagsmunaaðila.*”

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga sá um að halda íbúafundi og ráðgjafafyrirtækið Alta tók svo við verkefninu og hélt m.a. þrjá samráðsfundi með stofnunum, ferðapjónustuaðilum, landeigendum og bændum. Þá er búið að taka saman mikið magn af upplýsingum um ferðapjónustuna almennt í sveitarfélaginu. Síðasti hlutinn er að vinna tillögur að nýjum kafla í aðalskipulaginu um ferðapjónustuna úr þeim gögnum sem liggja fyrir.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti á fyrsta fundi sínum á þessu kjörtímabili að hefja vinnu við heildarendurskoðun aðalskipulags. Í ljósi þeirrar vinnu sem hófst á síðasta kjörtímabili við stefnumótun í ferðapjónustu er lagt til að skipuð verði nefnd sem heldur sérstaklega utan um ferðapjónustuhlutann til að undirstrika mikilvægi þess málaflokks. Yrði sá kafli viðbót við núgildandi aðalskipulag og hluti af nýju aðalskipulagi með möguleika á frekari endurskoðun.

Lagt er til að fimm manns verði í nefndinni. Þar sem ferðapjónustan teygir anga sína víða og kemur m.a. inn á verkefni þriggja fastanefnda sveitarfélagsins,

leggjum við eftirfarandi til varðandi tilnefningar í nefndina um stefnumótun í ferðapjónustu:

- Atvinnumála- og framkvæmdanefnd tilnefni einn fulltrúa.
- Skipulagsnefnd tilnefni einn fulltrúa.
- Umhverfisnefnd tilnefni einn fulltrúa.
- Sveitarstjórn tilnefni tvo fulltrúa.

Nefndin skili af sér tillögu til sveitarstjórnar að stefnumótun í ferðapjónustu í lok apríl 2019.

Nefndin fái greitt fyrir fundi líkt og aðrar fastanefndir sveitarfélagsins. Jafnframt verði gert erindisbréf fyrir stýrihópinn fyrir næsta fund sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn samþykkti tillöguna samhljóða.



Aðalfundur Eypings

Aðalfundur Eypings var haldinn á Hótel-Seli í Mývatnssveit síðasta föstudag og laugardag. Sveitarstjóri og Helgi Héðinsson oddviti sátu fundinn fyrir hönd Skútustaðahrepps en Helgi var fundarstjóri. Fundurinn tókst vel en ljóst er að framundan gætu verið talsverðar breytingar á starfseminni. Aðalfundurinn samþykkti m.a. eftirfarandi bókun:

„Það er sameiginleg sýn aðildarsveitarfélaga Eypings að heillavænlegt sé til framtíðar litið að samstarfsverkefni sem sinnt er nái yfir allt starfssvæði landshlutasamtakanna og því mikilvægt að heildarsýn náist í sameiginlegri atvinnuþróun og byggðarmálum á Eypingsssvæðinu. Aðalfundur Eypings haldinn í Mývatnssveit 21.-22. september

2018 samþykkir að fela stjórn Eyþings að skipa fimm einstaklinga í starfshóp til að hefja viðræður við Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar í samræmi við erindi þess til fundarins. Jafnframt er starfshópnum falið að hefja viðræður við Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga um form samstarfs og samvinnu þessara þriggja aðila á sviði atvinnu- og byggðamála til framtíðar. Starfshópurinn skal hafa lokið störfum fyrir 1. mars 2019.“

Samningi við VÍS sagt upp

Sveitarstjórn samþykkti samhljóða að nýta sér uppsagnarákvæði í samningi við tryggingafélagið VÍS og segja upp samningnum. Jafnframt verði farið í útboð á tryggingum sveitarfélagsins. Þótt VÍS hafi ekki verið með útibú í Mývatnssveit má segja að ákvörðun sveitarstjórnar sé táknræn til þess að mótmæla lokun útibúa VÍS á landsbyggðinni og taka þannig undir mótmæli og aðgerðir annarra sveitarfélaga vegna málsins að undanfögnu.

Viljayfirlýsing um undibúning að stofnun alþjóðlegrar rannsóknarmiðstöðvar

Fyrir sveitarstjórn voru lögð fram drög að sameiginlegri viljayfirlýsingu Georgs (rannsóknarklasa í jarðhita), Landsvirkjunar, Háskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík, Háskólans á Akureyri, RANNÍS, Eims og Skútustaðahrepps um vilja til þess að undirbúa stofnun og uppbyggingu alþjóðlegrar rannsóknarmiðstöðvar í jarðhita- og eldfjallafræðinum á Kröflusvæðinu (KMT). Rannsóknarmiðstöðinni er m.a. ætlað að efla rannsóknir á virkni eldfjalla og hagnýngu jarðvarma. Í KMT verkefninu hafa sérfræðingar frá 38 rannsóknarstofum, háskólum og fyrirtækjum í 11 löndum tekið sig saman við undirbúning boranna og rannsókna. Viljayfirlýsingin felur ekki í sér fjárhagslegar skuldbindingar fyrir sveitarfélagið. Sveitarstjórn samþykkti viljayfirlýsinguna samhljóða.

Forsendur fjárhagsáætlunar

Í samræmi við vinnuáætlun um fjárhagsáætlun 2019-2022 var farið yfir forsendur fjárhagsáætlunar.

Sveitarstjóri lagði fram eftirfarandi tillögu sem var samþykkt:

Til viðbótar við fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga um jafnvægisreglu og skuldareglu, sbr. 64. grein sveitarstjórnarlaga nr. 138 frá 2011, hefur sveitarstjórn Skútustaðahrepps sett sér eftirfarandi rekstrarleg markmið fyrir fjárhagsáætlun 2019-2022: Áfram skal haldið með markmið sem sett voru í fjárhagsáætlun 2018-2021. Rekstur A-hluta sveitarfélagsins verði í jafnvægi, þ.e. skatttekjur og þjónustutekjur standi undir rekstri málaflokka og sjóða A-hluta. Jákvæð rekstrarniðurstaða samstæðu, þ.e. A- og B-hluta, sem jafnframt standi undir framkvæmdum án lántöku. Engar vaxtatekjur verði nýttar til rekstrar, eingöngu til fjárfestinga eða til að auka við handbært fé Skútustaðahrepps. Sem þýðir þá að rekstrarafgangur þarf að vera meiri eða jafnmikill og vaxtatekjur. Handbært fé verði ekki lægra en 100 milljónir króna.

Félagsstarf eldri Mývetninga að hefjast

Félagsstarf eldri borgara í Mývatnssveit, 60 ára og eldri, hefst að nýju eftir sumarleyfi með leikfimitíma mánudaginn 8. október kl. 10:00.

Fyrsta samverustundin verður miðvikudaginn 10. október. Starfið er með hefðbundnum hætti en fer fram í nýju aðstöðunni í íþróttamiðstöðinni. Þar fer vel um starfið í bjartri og rúmgóðri stofu. Eldri borgarar hafa aðgang að stofunni alla daga vikunnar ef þeir vilja og geta nýtt sér aðstöðuna í íþróttahúsinu sér að kostnaðarlausu. Athugið! Félagstarfið verður á miðvikudögum (í stað fimmtudaga) og hefst kl. 11:50 í leikfimi fyrir þá sem vilja.

Umsjón félagsstarfsins: Þórdís Jónsdóttir (Dísa). Til aðstoðar verður Ásta Price.

Auka leikfimitími: Boðið verður upp á auka leikfimitíma fyrir eldri borgara á mánudögum kl. 10:00 í íþróttahúsinu hjá Ástu Price. Fyrsti mánudagstíminn verður 8. október.

Boðið upp á ókeypis akstur: Áfram verður boðið verður upp á akstur í samverustundina á miðvikudögum á vegum sveitarfélagsins og er eldri borgurum að kostnaðarlausu. Egill Freysteinnsson

sér um aksturinn. Þeir sem ætla að nýta sér aksturinn þurfa að láta vita í hvert skipti, í síðasta lagi daginn fyrir samverustundina, hjá Ástu í Íþróttamiðstöðinni í síma 464 4225. Að lokinni samverustund er svo einnig boðið upp á akstur heim. Vonandi sjáum við ykkur sem flest í félagsstarfinu í vetur. Maður er manns gaman.

Hámarkshraði lækkaður í Reykjahlíðarþorpi

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum frá sveitarstjórn Skútustaðahrepps, hefur lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra ákveðið að hámarkshraði á Hlíðavegi í Reykjahlíð, verði lækkaður úr 50 km/klst niður í 30 km/klst, þá verði hámarkshraði á Múlavegi, frá heimkeyrslu að Múlavegi 5 og að gatnamótum Múlavegar og Hlíðavegs einnig lækkaður úr 50 km/klst niður í 30 km/klst. Jafnframt verði leyfilegur hámarkshraði á götum sem liggja út frá Hlíðavegi og Múlavegi 30 km/klst. Sett verða upp viðeigandi umferðarmerki, samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra. Auglýsing þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar í Stjórnartíðindum í byrjun október.

Þekkingasetrið fer vel af stað – Opnað formlega í byrjun nóvember

Sveitarstjórn samþykkti kaupsamning við Hlíð ferðapjónustu ehf. um færanlega stofu sem stendur við hreppsskrifstofuna og var nýtt fyrir leikskólann á sínum tíma. Stofan nýtist fyrir nýtt þekkingasetur sem opnað verður formlega í byrjun nóvember n.k. Arnprúður Dagsdóttir starfsmaður Þekkingarnets Þingeyinga kom inn á fund skóla- og félagsmálanefndar og kynnti starfseminu og þekkingasetrið sem Skútustaðahreppur hefur sett á fót og verður opnað formlega í byrjun nóvember. Þekkingasetrið hefur núna aðsetur sitt við Hlíðarveg 6, í björtu og opnu skrifstofurými. Það mun hýsa ólíka aðila, t.d. námsmenn, sjálfstætt starfandi einyrkja og stofnanir. Þekkingarnet Þingeyinga opnaði nú í ágúst starfsstöð í Mývatnssveit með starfsmanni sem sinnir námsveri og þjónustu við námsmenn,

símenntunarnámskeiðum á svæðinu og ýmsum verkefnum.

Markmiðið með stofnun þekkingarsetursins er margþætt, slík setur hafa ólík en jákvæð samfélagsleg áhrif þar sem þeim hefur verið komið á fót. Þá er m.a. horft til þess að bæta möguleika fólks með háskólamenntun til búsetu í sveitinni, viðhalda þeim störfum í þekkingarstarfsemi sem eru hér nú þegar, hvetja til þverfaglegar samvinnu, hvetja til náms og rannsóknarvinnu og laða hingað störf í þekkingarstarfsemi.



HRÓS DAGSINS...

Fá Mývetningarnir Daníel Ellertsson og Ragnar Davíð Baldvinsson sem héldu uppi stuðinu á Eyþingi í Mývatnssveit um síðustu helgi. Þeir mættu með gítarana og sáu um fjöldasöng eins og þeim einum er lagið.

Ýmislegt

Að vanda hef ég sótt ýmsa fundi og ráðstefnur að undanförmu, m.a. skóla- og félagsmálanefnd, skipulagsnefnd, heimsótt Hrunamannahrepp vegna fráveitumála, tók á móti lögreglustjóranum í Norðurlandi eystra, fulltrúa frá Mýsköpun, aðalfund Eyþings o.fl.

Ætlunin er að pistill sveitarstjóra birtist tvisvar í mánuði, í kjölfar sveitarstjórnarfunda. Tilgangurinn er að efla upplýsingastreymi sveitarstjórnar. Sveitarstjórapistillinn er sendur út í tölvupósti, í pósti og birtur á heimasíðu sveitarfélagsins.

Bestu kveðjur
Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri